

RÍKISSAKSÓKNARI

Alþingi
Erindi nr. P 135/955
komudagur 17.12.2007

BN/

Reykjavík 14. desember 2007.

Tilvísun: 200711-1399.

Með bréfi allsherjarnefndar Alþingis, dagsettu 28. nóvember sl., barst ríkissaksóknara til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 með síðari breytingum, 41. mál, einkaréttarlegar bótakröfur eins og segir í bréfi allsherjarnefndar.

Frumvarpið felur í sér nokkra breytingu á 1. mgr. 172. gr. laga um meðferð opinberra mála. Markmið breytinganna er að gera ákvæðið skilvirkara með því að þrengja að heimildum dómara til að vísa máli (einkaréttarkröfu) frá.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um meðferð sakamála, 233. mál, sem eiga að leysa lög um meðferð opinberra mála af hólmi. Sýnist ríkissaksóknara vel viðeigandi að umræða og afgreiðsla á 41. máli falli inn í umræðu um 233. mál og afgreiðslu á því.

Ríkissaksóknari tekur undir markmið frumvarpsins en lýsir efasemdum um að rétt sé að fara þá leið að markinu sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Með lögum nr. 19/1991 voru gerðar verulegar breytingar á áður gildandi ákvæðum um framsetningu og meðferð einkaréttarkrafna í refsímálum. Er nú m.a. kveðið á um að einkaréttarkröfur skuli tilgreina nákvæmlega í ákæruskjali. Áður var skaðabótakrafa sett fram í ákæruskjali með áþekkingu hætti og krafan um að ákærða væri gerð refsing í málinu. Var skaðabótakrafan í ákæruskjalinu eins konar fyrirvari gerður um að brotþoli myndi gera kröfu um skaðabætur við dómsmeðferðina. Gat brotþoli því sett kröfuna fram á síðara stigi en nú og lagt styrkan grunn að henni við dómsmeðferðina. Þessar reglur sem hér giltu eru enn í gildi í þeim löndum, Danmörku og Noregi, þar sem við leituðum fyrirmynda í réttarfari. Telur ríkissaksóknari að sú skipan sem hér gildi, að þessu leyti, fyrir gildistöku laga nr. 19/1991 hafi verið brotþolum hagstæðari en gildandi fyrirkomulag er og þá jafnframt skilvirkari frá þeirra sjónarhóli séð.



Til allsherjarnefndar Alþingis